

Alþingi
Helga E. Þórisdóttir, nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík, 06.01.2003
Tilv. 40.13
JP/gg

Efni: Umsögn LSH um frumvarp til laga um almannavarnir o.fl., mál 464

Vísað er til bréfs Alþingis frá 16. desember sl. sem LSH hefur borist til umsagnar.


Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið felur það í sér breytingar á stjórnáslu almannavarna. Er breytingin einkum fólgin í því að verkefni og starfsemi, sem fram til þessa hafa verið á ábyrgð almannavarnaráðs og Almanna ríkisns, verða flutt til embættis ríkislögreglustjóra.

Ýmis rök mæla með þessari breytingu sem hefur í för með sér einföldun á öllu stjórnskipulagi almannavarna hér á landi. Er þetta nánar útlistað í ágætum athugasemdum sem með frumvarpinu fylgja og er tekið undir þær röksemdir sem færðar eru fram fyrir fyrirhuguðum breytingum á lögum 94/1962 um almannavarnir og ýmsum fleiri lögum.

Í frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir aðkomu ýmissa lykilaðila, s.s. sjúkrahúsa, með því að ráðgjafanefnd um almannavarnir verði starfandi og nefndin stuðli m.a. að samhæfingu í almannavarnaáðgerðum. Þá verði nefndin ásamt ríkislögreglustjóra ríkisstjórn til ráðgjafar um almannavarnir.

Landspítali - háskólasjúkrahús lýsir yfir stuðningi við þetta frumvarp og er mælt með framgangi þess.

Virðingarfyllt



Magnús Pétursson, forstjóri